

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 143/201**  
**komudagur 13.11.2013**



Nefndasvið Alþingis  
b.t. utanríkismálanefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 13. nóvember 2013

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um fríverslunarsamning Íslands og Kína**

Vísað er til erindis utanríkismálanefndar Alþingis, dags. 21. október 2013, þar sem óskað er umsagnar Félags atvinnurekenda um tillögu til þingsályktunar um fríverslunarsamning Íslands og Kína, 73. mál. Félag atvinnurekenda (FA) og Íslensk kínverska viðskiptaráðið (ÍKV) skila sameiginlegri umsögn um tillöguna.

FA og ÍKV fagna tillögunni og telja mikilvægt að komið sé á greiðari og betri viðskiptum við eitt stærsta efnahagsveldi heims. Mikil tækifæri felast í umræddum fríverslunarsamningi fyrir íslenskt efnahagslíf, fyrirtæki og neytendur:


- Samningurinn mun án efa efla enn frekar viðskipti milli landanna tveggja, en þau hafa aukist verulega undanfarin ár eins og fram kemur í greinargerð með tillögunni.
- Hvað útflutning frá Íslandi til Kína varðar skiptir mestu máli að lækkun og/eða niðurfelling tolla á sjávarafurðum verði að veruleika.
- Á innflutningshlið er mjög mikilvægt að niðurfelling og lækkun tolla gefur innflytjendum tækifæri á að flytja inn vörur beint frá Kína á hagkvæman hátt. Svokölluð tvítollun hefur verið algeng á vörum sem fluttar hafa verið inn frá Kína í gegnum Evrópu. Stafar það af því að magn er ekki nægilegt í umræddum viðskiptum til þess að evrópskir milliliðir sjái hag í að sækja um niðurfellingu á tollum milli Kína og ESB. Svo leggst aftur tollur á þegar varan er flutt til Íslands frá Evrópu á grundvelli kínversks uppruna og því er varan tvítolluð. Við upptöku samningsins munu íslenskir innflytjendur vafalaust hefja í auknum mæli innflutning beint frá Kína, án tolla, sem mun skila sér í auknum viðskiptum og lægra verði til neytenda.

FA og ÍKV vilja benda á tvo þætti sem ástæða er til að skoða nánar í samhengi við fríverslunarsamninginn:


- Óhjákvæmilegt er, þegar gerður er samningur um lækkun og afnám tolla á sviðum vöru- og þjónustuviðskipta, að leiða hugann að stöðunni varðandi fjárfestingar Íslendinga í Kína og Kínverja á Íslandi. Hér skal hugað sérstaklega að því síðarnefnda. Því miður er staðan sú að íslensk löggjöf um fjárfestingar aðila utan EES svæðisins á Íslandi þarfnast endurbóta eins og nýleg dæmi sanna. Mikilvægt er að slík löggjöf sé skýr, gagnsæ og í samræmi við stefnumótun Íslands varðandi viðskipti við viðkomandi svæði að öðru leyti. Ef skýr vilji er til fríverslunar við Kína verður að teljast eðlilegt að fjárfestingar Kínverja séu almennt séð velkomnar, þótt eðlilegt kunni að vera að skýr skilyrði fylgi fjárfestingum tengdum auðlindum. FA og ÍKV fagna sérstaklega að iðnaðar- og viðskiptaráðherra hyggst stofna starfshóp um endurskoðun laga um fjárfestingar erlendra aðila í atvinnurekstri. Er þess vænst að utanríkismálanefnd og aðrar nefndir þingsins tryggi að lagaumhverfi beinnar erlendra fjárfestingar á Íslandi verði lagfært og gert aðgengilegra, enda til mikils að vinna.
- Minnt er á þá umræðu sem spratt upp í tengslum við lagalega þýðingu þingsályktunar um aðildarumsókn að Evrópusambandinu. Ráðherra taldi sér ekki skylt að fylgja þeirri þingsályktun enda taldi hann ljóst, með hliðsjón af lögfræðilegri álitserð um bindandi áhrif þingsályktana, dags. 20. ágúst 2013, að gildi hennar stæði og félli með þingmeirihluta hverju sinni. FA og ÍKV telja að hafa þurfi umrædda afstöðu ráðherra til hliðsjónar þegar fríverslunarsamningur Íslands og Kína er tekinn til meðferðar hjá þinginu enda er óásættanlegt að óvissa ríki um bindandi gildi samningsins og annarra fríverslunarsamninga.

Að lokum áskilja Félag atvinnurekenda og Íslensk kínverska viðskiptaráðið sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum. FA og ÍKV lýsa sig jafnframt reiðubúin til að funda um efnið sé þess óskað.

Virðingarfyllst,



Almar Guðmundsson  
frankvæmdastjóri Félags atvinnurekenda



Ársæll Harðarson  
Formaður stjórnar Íslensk kínverska viðskiptaráðsins